

Kuðungurinn 2020 – Rökstuðningur dómnefndar

Það er einróma niðurstaða dómnefndar Kuðungsins að Íslandsbanki skuli hljóta Kuðunginn fyrir glæsilegan árangur í umhverfismálum á árinu 2020. Bankinn hefur ekki einungis náð eftirtektarverðum árangri í rekstri heldur einnig skapað jákvæða hvata til þess að flýta fyrir fjárfestingu í grænum lausnum með ábyrgum lánveitingum, fjárfestingum og innkaupum.

Íslandsbanki hefur í sjálfbærnistefnu sinni einsett sér að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda tengdri starfsemi hans og ráðist í fjölmargar aðgerðir til að draga úr losun. Bankinn hafði skipulagt fjarvinnu starfsmanna áður en heimsfaraldur Covid-19 skall á og þá skilaði hagræðing vegna sameiningu höfuðstöðva líka samdrætti í losun. Í kolefnisspori reksturs bankans skipta samgöngur mestu máli og því var bílum fækkað, fjöldi raf- og tvinnbíla aukinn, rafskútur keyptar og settar upp hleðslustöðvar og reiðhjóláaðstaða. Starfsmönnum voru líka boðnir samgöngustyrkir og fyrirframgreidd laun til kaupa á rafdrifnu farartæki eða hleðslustöð. Alla daga eru grænmetisréttir á boðstólum í mötuneytinu en einu sinni í viku er eingöngu grænmetisréttur í boði. Árangurinn lét ekki á sér standa, heldur lækkaði kolefnisspor reksturs bankans úr 976 tonnum CO₂ ígilda í 450 tonn, eða um 54% miðað við árið 2019. Heimsfaraldur Covid-19 hafði að sjálfsögðu mikil áhrif á losun allra fyrirtækja í landinu en sé horft fram hjá áhrifum faraldursins dróst kolefnisspor rekstursins samt um 20% á milli ára. Reksturinn hefur verið kolefnisjafnaður frá 2019.

Íslandsbanki hefur einnig náð árangri í öðrum umhverfismálum reksturs. Dregið var úr aðföngum, pappírnotkun og umbúðum, auk þess sem hætt var alfarið að nota plast í gjafvörum til barna. Mötuneytið hlaut Svansvottun á árinu og matarsóun reyndist vera tífalt minni en kröfur Svansins.

Íslandsbanki var fyrstur íslenskra banka til að birta sjálfbæran fjármálaramma og gefa út sjálfbær skuldabréf. Í því samhengi býður bankinn upp á græn húsnæðislán, grænan sparnað, sjálfbær fyrirtækjalán og græna bíla-fjármögnun. Birting og innleiðing sjálfbærs fjárlagaramma var mikilvægt framlag bankans á sviði sjálfbærni á árinu því með grænum útlánum var dregið úr losun um 5.800 tonn CO₂, sem er þrettánfalt meira en kolefnisspor reksturs bankans. Enn sem komið er flokkast aðeins um 1% heildarútlána bankans sem græn en bankinn stefnir á að auka hlutdeild græna lánasafnsins. Unnið er að því að mæla kolefnisspor lána- og eignasafns bankans í alþjóðlegu verkefni um gerð loftslagsmælis fyrir fjármálafyrirtæki (Partnership for Carbon Accounting Financials, PCAF). Bankinn vill lágmarka loftslags- og sjálfbærniáhættu í lána- og eignasafninu og nýtir þar alþjóðleg viðmið TCFD (Task Force on Climate-related Financial Disclosures) til að mæla áhættuna og stýra henni. Dómnefndin hrósar Íslandsbanka sérstaklega fyrir að hafa fyrstur íslenskra banka sett sér það markmið að ná fullu kolefnishlutleysi lána- og eignasafnsins fyrir árið 2040. Að mati dómnefndar er breytt streymi fjármagns ein áhrifaríkasta leiðin til að ná árangri í loftslagsmálum og því er bankinn hvattur til að halda áfram á þessari braut og sérstaklega til þess að hafna fjárfestingum í starfsemi sem vinna gegn markmiðum um samdrátt í losun.

Bankinn hefur áhrif í gegnum innkaup með því að funda með stærstu birgjum sínum og setja birgjum siðarreglur þar sem meðal annars er kveðið á um að þeir mæli kolefnisspor sitt og upplýsi hvernig þeir muni draga úr því.

Íslandsbanki er stofnaðili að Festu, IcelandSIF og Votlendissjóði og aðili að Grænni byggð. Bankinn er einnig í samstarfi við ýmsa frumkvöðla í umhverfismálum, meðal annars Pure North Recycling, Bravo Earth, Klappir og Jarðhitaklasann. Þá er Íslandsbanki í samstarfi við Meniga um þróun kolefnismælis í appi sem var kynntur fyrr í mánuðinum. Frumkvöðlasjóður Íslandsbanka veitir styrki til verkefna sem styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Það vakti athygli dómnefndar hversu mikið bankinn leggur áherslu á að fá alla starfsmenn með í innleiðingu sjálfbærra áherslna. Haldin var vinnustofa um sjálfbærni fyrir starfsmenn og allir starfsmenn gátu tekið þátt í að móta stefnu bankans í Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Þar að auki geta starfsmenn varið einum vinnudegi á ári í þágu góðgerðarmála tengdum Heimsmarkmiðunum. Þá þykir bankastjóri Íslandsbanka sýna frumkvæði með þátttöku sinni í Samtökum norræna forstjóra um sjálfbæra framtíð og í sameiginlegu átaki þeirra til að flýta fyrir aðgerðum í loftslagsmálum, jafnréttismálum og fjölbreytileika.

Íslandsbanki er vel að þessum umhverfisverðlaunum kominn eftir fyrirmyndarárangur í rekstri á árinu og fyrir að stíga mikilvæg og veigamikil skref í átt að lágmarkun umhverfisáhrifa lána- og eignasafns bankans.